

## Öryggisáætlun fyrir siglingaæfingar Ýmis

**Siglingaþjálfari** er yfirmaður siglingaæfinga. Hann/hún ber ábyrgð á allri verkaskiptingu milli annarra starfsmanna.

**Aðstoðarþjálfarar** starfa undir daglegri stjórn siglingaþjálfara.

**Tveir öryggisbátar** eru í umsjón félagsins. Á siglingaæfingum eru þeir einungis notaðir til eftirlits og við björgun. **Siglingaþjálfari** einn getur heimilað aðra notkun á öryggisbátunum.

**Öryggisbátum** skal sigla varlega og í samræmi við aðstæður. Sérstaka aðgát skal viðhafa gagnvart kennslubátum og sundfólki.

**Öryggisbátar eru aldrei leiktæki.** Nota má öryggisbátana í stuttar ferðir með æfingahópa, t. d. á ylströndina.

**Hámarkshraði** innan hafnar er 4 hnútar.

Siglingaþjálfari og aðstoðarþjálfarar hafa hlotið **þjálfun í notkun öryggisbátanna.**

**Björgunarvesti.** Allir sem fara út á sjó eiga að vera í björgunarvestum.

**Handtalstöð** skal ávallt vera með þegar farið er á sjó á öryggisbátum. Stillt er á stöð 74 og þess gætt að talstöðin sé fullhlaðin. Ávallt skal setja stöðina í hleðslu eftir notkun.

**Skrá** skal þá báta sem fara út, bæði heiti báts og nafn þess/þeirra sem fara á sjó. Þegar í land er komið skal notandi afskrá bátinn.

**Ekki skal fara á sjó,** nema um mjög vana siglara sé að ræða, ef vindur er meiri en 10 m/s. Enginn fer á sjó þegar vindur er kominn yfir 12 m.

**Þegar vindur er í meira lagi** skal gæta þess að fáir æfingabátar séu á hvern björgunarbát til að auðvelda björgunarstörf.

Siglingaþjálfarar skulu alltaf hafa **fulla yfirsýn** yfir æfingahópinn.